



Borgarstjórn Reykjavíkur
8. september 2026

Greinargerð borgarfulltrúa Samfylkingarinnar með umræðu um nýlegar skipulagsbreytingar, hópuppsagnir og niðurlagningu hverfamiðstöðva í Reykjavík

Víðtækar skipulagsbreytingar og hópuppsagnir hjá Reykjavíkurborg, ásamt niðurlagningu hverfamiðstöðva, hafa tekið gildi í miklum flýti og án þess að heildstætt félagslegt áhrifamat hafi legið fyrir. Fram hefur komið að breytingarnar snerta um 400 starfsmenn borgarinnar og þúsundir íbúa - mörg hver í viðkvæmri stöðu sem reiða sig á nærþjónustu, stuðning og ráðgjöf í sínu nærumhverfi.

Eðlilegt og lýðræðislegt hefði verið að svo yfirgripsmiklar breytingar væru ræddar og greindar í hlutaðeigandi fagráðum og borgarstjórn áður en ákvarðanir voru teknar. Með því hefði verið tryggð vönduð málsmeðferð þar sem mikilvæg sjónarmið íbúa, fagfólks og hagsmunaaðila fengju að heyrast áður en breytingunum var hrint í framkvæmd.

Nauðsynlegt er að borgarstjórn fjalli með heildstæðum hætti um þessar hraðvirku breytingar, það óhjákvæmilega þjónusturof og versnandi nærþjónustu sem þær valda viðkvæmum hópum, og hvort boðaður skammtímasparnaður muni í raun leiða til aukins afleidds kostnaðar fyrir borgarsjóð til lengri tíma lítið.



Reykjavík